## I. STEINSTEYPA

STEINSTEYPA OG STEYPUVINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI ÍSLENSKS STAÐALS ÍST 10.

BROTÞOLSFLOKKUN

BROTÞOLSFLOKKUR STEINSTEYPU SEM NAUÐSYNLEGUR ER Í HVERJUM BYGGINGARHLUTA ER AUÐKENNDUR SAMKVÆMT ÍST EN 206-1 Á EFTIRFARANDI HÁTT:

Cbb/cc: XEi-D

Cbb/cc : BROTÞOLSFLOKKUR STEYPU
bb : BROTÞOL 150x300 mm SÍVALNINGA
cc : BROTÞOL 150x150x150 TENINGA
XEi : UMHVERFISFLOKKUR
D TÁKNAR EFRI MÖRK SÁLDURFERILS FYLLIEFNIS, mm

TAFLA I.1 - STEYPUGÆÐI BYGGINGARHLUTA

| BYGGINGARHLUTI | BROTÞOLS FLOKKUR | FJAÐURSTUÐULL |
|---|---|---|
| PLÖTUR | C30/37 | E = 32 GPa |
| SÖKKLAR | C25/30 | E = 30 GPa |
| ÚTISTEYPA | C35/45 | E = 34 GPa |

**SAMSETNING**

FYLLIEFNI SKULU UPPFYLLA KRÖFUR BYGGINGARREGLUGERÐAR HVAÐ VARÐAR SKILYRÐI UM ALKALIVIRKNI OG SALTINNIHALD. ÁSAMT ÞVÍ SKAL FYLLIEFNI VERA LAUST VIÐ LÍFRÆN ÓHREININDI EÐA EFNISÞÆTTI SEM GETA SKERT STEYPUGÆÐI EÐA VALDIÐ TÆRINGU Á BENDISTÁLI.

STÆRSTA KORNASTÆRÐ MALAR SKAL VERA EFTIRFARANDI:

| | |
|---|---|
| JÁRNBENTIR VEGGIR/BITAR: | 19 mm |
| JÁRNBENTAR PLÖTUR: | 32 mm |

KORNALÖGUN OG -DREIFING FYLLIEFNA SKAL VERA Á ÞANN HÁTT AÐ VIÐUNANDI ÞJÁLNI NÁIST, ÞANNIG AÐ FULLNÆGJANDI NIÐURLÖGN SÉ TRYGGÐ.

Í ALLA STEYPU SKAL BLANDA LOFTBLENDI ÞANNIG AÐ LOFTINNIHALD STEYPUNNAR VERÐI 5-6%.

SIGMÁL STEYPU SKAL VERA 60-100 MM.

UM ÚTISTEYPU SKAL GILDIR ENNFREMUR AÐ SEMENTSMAGN Í m³ SKAL VERA MEIRA EN 300 kg/m³ OG VATNSSEMENTSTALA v/s SKAL VERA MINNI EN 0,55.

STEYPUVINNA

STEYPUVINNA SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍST 10.

SETJA SKAL YFIRHÆÐ Á PLÖTUR OG BITA SEM NEMUR L/400 AF STYTTRA HAFI SÉ ANNAÐ EKKI TILGREINT Á TEIKNINGU.

ALLA STEYPU ÞARF AÐ TÍTRA.

STEYPUYFIRBORÐI SKAL HALDIÐ RÖKU ÞAR TIL STEYPA HEFUR NÁÐ 50% AF FYRIRSKRIFUÐUM STYRKLEIKA.

TENGI SKULU LOSUÐ EÐA SLITIN ÞANNIG AÐ INNSTEYPTUR HLUTI ÞEIRRA SÉ MINNST 2 cm INN Í VEGG. SÁRIÐ SKAL HOLUFYLLA MEÐ SEMENTSBUNDNU ÞÉTTIEFNI.

**STEYPUMÓT**

TAFLA I.2 - NÁKVÆMNISKRÖFUR

| BYGGINGARHLUTI - MÓTAUPPSLÁTTUR | NÁKVÆMNI |
|---|---|
| UNDIRSTÖÐUR, STÆRÐ OG STAÐSETNING | +/- 15 mm |
| AÐRIR STEYPTIR HLUTAR | +/- 5 mm |
| STAÐSETNING | +/- 10 mm |
| KÓTAR | +/- 10 mm |
| HORNSKEKKJA Í ÞVERSNIÐI | +/- 5 mm |
| FRÁVIK FRÁ HALLANDI LÍNU | +/- 0,12% |
| FRÁVIK FRÁ LÓÐLÍNU | +/- 0,3% |
| ÓJÖFNUR OG MISLANDANIR SLÉTTRA FLATA | +/- 2 mm |
| STAÐSETNING ÍSTEYPTRA HLUTA | +/- 5 mm |

| BYGGINGARHLUTI - FRÁVIK FRÁ 3 m RÉTTSKEIÐ, SEM LÖGÐ ER Á STEYPTAN FLÖT | NÁKVÆMNI |
|---|---|
| PLÖTUR | +/- 3 mm |

## II. BENDISTÁL

ALLT BENDISTÁL SKAL VERA SUÐUHÆFT KAMBSTÁL B500B SAMKVÆMT prEN 10080-1:1999, prEN 10080-3:1999 EÐA B500C SAMKVÆMT NS 3576-3:1997. STÁLIÐ SKAL HAFA LÁGMARKS FLOTSTYRK 500 MPa, AUÐKENNT Ks10, Ks12, Ks16, Ks20 OG Ks25 Á TEIKNINGUM.

BENDISTÁL ER TÁKNAÐ Á EFTIRFARANDI HÁTT:

SLÉTT STÁL; MERKT R8, R10 R12 o.s.frv.
KAMBSTÁL; MERKT Ks8, Ks10, Ks12 o.s.frv.
RAFSOÐIÐ STÁLNET; MERKT

TÖLURNAR TÁKNA ÞVERMÁL JÁRNA Í mm. ALLT KAMBSTÁL SEM Á AÐ BEYGJA SKAL VERA SUÐUHÆFT OG ER ÞVÍ EKKI SÉRMERKT.

STEYPUSTYRKTARSTÁL ER MERKT Á TEIKNINGUM Á EFTIRFARANDI HÁTT:

nnKsdd c/c XXX L=JJJJ

nn : FJÖLDI JÁRNA
Ks : TÁKN FYRIR KAMBSTÁL
dd : ÞVERMÁL JÁRNS, mm
c/c : TÁKN FYRIR FJARLÆGÐ MILLI JÁRNA
XXX : FJARLÆGÐ MILLI JÁRNA, mm
L : tákn fyrir LENGD JÁRNS
JJJJ : LENGD JÁRNS, mm

EKKI ER ÁVALLT NAUÐSYNLEGT AÐ SKRÁ NIÐUR ALLA HLUTA MERKINGAR, T.D. Ks10 c/c 200 (Ksdd c/c XXX) EÐA 3xKs12 L=4500 (nnKsdd L=JJJJ).

EF JÁRN Í NÆRBRÚN OG Í FJÆRBRÚN ERU SÝND Á SÖMU PLAN- EÐA SNIÐMYND, ÞÁ ERU JÁRNIN SEM LIGGJA Í FJÆRBRÚN TEIKNUÐ MEÐ STÍPLAÐRI LÍNU OG JÁRNIN SEM LIGGJA Í NÆRBRÚN TEIKNUÐ MEÐ SAMFELLDRI LÍNU.

TÁKNAR JÁRN Í NEÐRI BRÚN PLÖTU OG FJÆRBRÚN VEGGJA

TÁKNAR JÁRN Í EFRI BRÚN PLÖTU OG NÆRBRÚN VEGGJA

TÁKNAR AÐ BENDISTÁL BEYGIST SKEYTILENGD INN Í PLÖTU EÐA VEGG

TÁKNAR ENDA Á ÓKRÓKBEYGÐU STÁLI

TÁKNAR ENDA Á KRÓKBEYGÐU STÁLI

TÁKNAR AÐ JÁRN LEGGIST MEÐ ÁKV. MILLIBILI YFIR ÞAÐ SVÆÐI SEM ÖRVAR SPANNA

TÁKNAR AÐ JÁRN LEGGJAST FYRST Í ÞESSA STEFNU

TÁKNAR STEYPUSKIL. SETJA SKAL SKERLÁSA Í STEYPUSKIL ÞAR SEM ÞAÐ ER TEKIÐ FRAM Á TEIKNINGUM

TAFLA II.1 - ÞVERMÁL OG SKEYTILENGD JÁRNS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞVERMÁL JÁRNS [d] | mm | 8 | 10 | 12 | 16 | 20 | 25 | 32 |
| ÞVERMÁL BEYGJUHRINGS [D] | mm | 160 | 200 | 240 | 320 | 400 | 500 | 640 |
| LÁGMARKSSKEYTILENGD | mm | 320 | 400 | 480 | 640 | 800 | 1000 | 1280 |

SKEYTILENGD JÁRNA SKAL VERA SAMKVÆMT TÖFLU II.1, NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM Á TEIKNINGUM.

LÁRÉTT BENDING Í VEGGJUM SKAL GANGA HEIL UM HORN, VÍXLLEGGJAST UM SKEYTILENGD, TENGJAST MEÐ VINKLUM EÐA LYKKJUM.

Í VEGGJUM OG PLÖTUM SKAL EKKI SKEYTA MEIRA EN FJÓRÐA HVERT JÁRN Í SAMA ÞVERSNIÐI NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM.

Í PLÖTUM GILDIR AÐ EF AÐ MEIRA EN ÞRIÐJA HVERT JÁRN ER SKEYTT Í SAMA ÞVERSNIÐI SKAL TVÖFALDA SKEYTILENGD.

SÉ ANNAÐ EKKI TEKIÐ FRAM KOMI 2Ks12 UPP MEÐ, UNDIR OG YFIR DYR OG GLUGGA SEM NÆR AÐ MINNSTA KOSTI 500 mm ÚT FYRIR OP.
SAMA GILDIR FYRIR ÖLL OP STÆRRI EN 400 mm Á KANT.

Í ALLA VEGGENDA OG ÞAKBRÚNIR KOMI 2Ks12 SÉ EKKI ANNAÐ TEKIÐ FRAM.

SÉ BIL MILLI OPA MINNA EN 3x VEGGÞYKKT/PLÖTUÞYKKT SKAL LYKKJUBENDA MILLI OPA MEÐ SAMA MILLIBILI OG JÁRNASTÆRÐ OG Í ÞVERSNIÐI Í KRING.

SÉ EKKI ANNAÐ TEKIÐ FRAM SKAL SETJA Ks10 c/c 300 mm SEM DEILIJÁRN UNDIR SPENNUR Í EFRI BRÚN STEYPU.

TAFLA II.2 - LÁGMARKSSTEYPUHULUR JÁRNA

| UMHVERFI VEÐRUN & STAÐSETNING | STYRKLEIKAFLOKKUR STEYPU | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | C20 og lægra | | C25-C35 | | C40 og hærra | |
| | BYGGINGARHLUTI | | | | | |
| | PLÖTUR VEGGIR | BITAR SÚLUR | PLÖTUR VEGGIR | BITAR SÚLUR | PLÖTUR VEGGIR | BITAR SÚLUR |
| INNANHÚSS, LÍTIL VEÐRUN | 15 mm | 20 mm | 15 mm | 15 mm | 15 mm | 15 mm |
| UTANHÚSS OG ANNARS STAÐAR ÞAR SEM RAKI ER MIKILL, AÐ JÖRÐ ÁN MENGUNAR | 25 mm | 30 mm | 20 mm | 25 mm | 15 mm | 20 mm |
| VERULEG VEÐRUN, AÐ JÖRÐ | 35 mm | 40 mm | 30 mm | 35 mm | 20 mm | 30 mm |
| Í SJÁVARBORÐI, SALT Á STEYPU | 45 mm | 50 mm | 40 mm | 45 mm | 35 mm | 40 mm |

LEYFILEG FRÁVIK UPP Á VIÐ ER 10 mm OG NIÐUR Á VIÐ 5 mm

ÞAR SEM RAUFAR ERU GERÐAR Í STEYPUYFIRBORÐ SKAL STEYPUHULA SAMKVÆMT TÖFLU II.2 MIÐAST VIÐ FJARLÆGÐ FRÁ STEYPUYFIRBORÐI Í RAUF AÐ JÁRNI.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Yfirfarið
25. jan. 2017
Byggingarfulltrúi

0 5 m

M. 1:50

BREYTINGAR

Samþykkt | Samþykki aðalhönnuðar

VEB Verkfræðistofa
Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Sími 564 3322, GSM 898 1198
Netfang veb@veb.is
Ráðgefandi verkfræðiþjónusta

VERKHEITI
**KERBYGGÐ 17, GRÍMSNESI**
**LANDNR 224182**

Teikning nr
**BO-1**

HEITI TEIKNINGAR
**BURÐARÞOL - SKÝRINGAR**

| Dagsetning | Teiknað | Hannað | Kvarði | Verknúmer |
|---|---|---|---|---|
| OKT 2016 | ARG | ESB 261156-2539 | 1:50 | 2.16.03 |